

## Umbótaáætlun Vopnafjarðarskóla 2018 - 2019

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<p><b>3. bekkur LOGOS</b> <b>Betri árangur í lestri</b></p> <p><b>Meiri lestrarhraði lesskilningur og stafsetning</b></p>	Niðurstöður úr LOGOS skimunum þyrftu að vera betri.	<p>Samkvæmt niðurstöðum LOGOS þarf að vinna að umbótum í lestri, lesskilningi og stafsetningu.</p> <p><b>Sérúrræði fyrir alvarlegri erfiðleika.</b> <b>Sérkennsla</b> 4 - 5x í viku- Léttlestrarbækur, hugtakaskilningur og orðaforði með verkefnum <i>Fjórir í fókus</i>, þjálfun í leshraða og lestrarnákvæmni, <i>Lesum lipurt</i>, PALS – þjálfun í leshraða og lesskilningi.</p> <p><b>Lestur í skólanum og heima alla daga.</b></p>	Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslenskukennari, sérkennari.	Haustönn 2018	
<p><b>6. bekkur LOGOS</b> <b>Árangur í lestri</b></p> <p><b>Betri árangur í lestri í 6. bekk</b></p>	Niðurstöður úr LOGOS skimunum þyrftu að vera betri.	<p>Samkvæmt niðurstöðum LOGOS þarf að vinna að umbótum í lestri, lesskilningi og stafsetningu.</p> <p><b>Sérúrræði fyrir alvarlegri erfiðleika.</b> <b>Sérkennsla</b> Fimm sinnum í viku- <i>Lesum lipurt</i>, þjálfun í leshraða og lestrarnákvæmni, PALS (leshraði og lesskilningur).</p>	Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslenskukennari, sérkennari.	Haustönn 2018	
<p><b>9. bekkur LOGOS</b> <b>Árangur í lestri</b></p> <p><b>Betri árangur í lestri í 9. bekk</b></p>	Niðurstöður úr LOGOS skimunum þyrftu að vera betri.	<p>Samkvæmt niðurstöðum LOGOS þarf að vinna að umbótum í lestri, lesskilningi og stafsetningu.</p> <p><b>Sérúrræði fyrir alvarlegri erfiðleika.</b> <b>Sérkennsla</b> Nemendur sem eru með undir 15 fá sérkennslu að minnsta kosti tvisvar í viku. Unnið er markvisst með lestur í bekknum, (lestrarkassinn – mismunandi þyngdarstig) og þjálfun í stafsetningu sem nýtist öllum nemendum og <i>Lestu nú</i>.</p>	Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslenskukennari og sérkennari.	Haustönn 2018	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<b>Lesfimi MMS próf í janúar 2018</b>	Heimalestri þarf að sinna betur og kennarar þurfa að hafa meira eftirlit.	Allir nemendur skólans eiga að lesa heima á hverjum degi en misjafnt er hvort að því sé fylgt. Leggja þarf meiri áherslu á heimalesturinn með ýmsu móti, t.d. með því að hringja heim ef að lágmarks lestri á mánuði er ekki náð. Skólinn þarf að setja fram viðmið um heimalestur, kynna fyrir nemendum og foreldrum og fylgja eftir. Nemendur þurfa að lesa daglega í skólanum, lestrarstuðningur á yngsta- og miðstigi. Sér úrræði fyrir nemendur með lestrarörðuleika.	Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslenskukennari og sérkennari.	Haust 2018	
<b>3. og 6. bekkur Talnalykill</b>	Nemendur þurfa að tileinka sér reikniaðgerðir betur.	Nauðsynlegt er að fylgjast með þeim sem eru undir viðmiðunarmörkum. Þjálfar þarf þær aðferðir sem koma verst út. Heimanám þarf að vera markvissst, gott er að nota <i>Æfingaheftið</i> og PALS í það.	Stærðfræðikennari, umsjónarkennari og sérkennari.	Haust 2018	
<b>Einsaklingsnámskrár</b>	Nemendur sem fylgja ekki almennri námskrá fá einstaklingsnámskrá. Misbrestur er á gerð einstaklingsnámskráa.	Mikilvægt er að gera einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þurfa á því að halda. Bæta verklagið í kringum gerð einstaklingsnámskráa. Að námskrárnar séu gerðar strax að hausti og þær kynntar fyrir foreldrum í kjölfarið. Mikilvægt er að benda nemendum og foreldrum á að nýta hljóðbækur.	Umsjónarkennari í samvinnu við sérkennara.	Haustönn 2018	
<b>Tölvur</b>	Aðgengi nemenda á yngsta stigi að fartölvum mætti vera betra þannig væru þær betur nýttar.	Gott væri að hafa tölvuvagn á neðri hæðinni.	Skólastjórnendur.	Janúar 2018	
<b>Haustferðir</b>	Mikilvægt að fara fyrir í haustferðir áður en veður fer kólnandi. Nauðsynlegt að vera í stígvélum eða góðum skóm yfir Nýpsháls vegna bleytu.	Gönguferð gekk að mestu leyti vel en gæta að því að sumir eiga erfitt með að ganga langar leiðir. Vantar betri yfirsýn yfir hópa, að kennarar beri ábyrgð á sínum hóp og haldi utan um alla.	Skólastjórnendur, umsjónarkennarar.	Haust 2018	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<b>Foreldrafundur að hausti</b> Að kynna skóla- starf og náms- fyrirkomulag	Mæting foreldra misgóð. Tímastjórnun ekki nógu nákvæm.	Það var misgóð mæting hjá foreldrum. Vera nákvæmari í að áætla tíma fyrir kennara til að kynna námsefni, má heldur ekki vera of langt.	Umsjónarkennarar.	Haust 2018	
<b>Foreldradagur</b>	Viðtalstímar voru ekki jafn langir hjá öllum kennurum, á neðri hæð 20 mín og efri hæð 15 mín.	Sumir foreldrar þurftu að bíða í 15 – 20 mínútur á milli systkina. Punktur fyrir umræðuefni eru of margir, nást ekki á þeim tíma sem ætlaður er í viðtölin. Spurning um að setja í póst til foreldra að tímaáætlun geti aðeins riðlast.	Umsjónarkennarar.	Janúar 2019	
<b>Opnir dagar</b>	Vantar að áætla betur hvað verkefnin taka langan tíma.	Þegar um mjög yfirgripsmikil verkefni er að ræða er gott að hafa fleiri daga undir vinnuna.	Skólastjórnendur og kennarar.	Haust 2018	
<b>Þorablót eldri</b>	Það þarf einhver ákveðinn aðili að sjá um að skipuleggja þorablótið með nemendum. Ábyrgðin þarf að vera meira hjá nemendum og gera þeim grein fyrir því að það eru þeir sem halda þorablótið og kennarar eru þeim til aðstoðar.	Nemendur mættu taka betur undir í fjöldasöngnum. Nauðsynlegt að hafa lög í söngskránni sem þeir kunna, gott að æfa þau í söngstund. Viðurkenningar erfiðar í framkvæmd, sumum er ætlað að fá „alvöru“ og öðrum „grín“. Vantar undirspil í fjöldasöng. Nota stærri skálar fyrir mús og rófustöppu á starfsmannaborði. Passa að hafa nógu marga nemendur til að þjóna á starfsmannaborði svo vinna 8. bekkjar sé jafnari. Það þarf að skipuleggja myndatöku. Gott væri að útbúinn væri gátlisti fyrir nemendur til að auðvelda undirbúning. Það mætti bjóða 8. bekk að taka þátt í að skreyta salinn og leggja á borð.	Kennarar, nemendur.	Janúar 2019	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<b>Söngstund</b>	Söngstundir voru of fáar í vetur.	Við lagaval þurfum við að hafa bæði þessi sígildu gömlu lög sem við viljum að nemendur læri en einnig að hafa svolítið hressileg og vinsæl lög með. Spurning um að vera stundum með söngstundir aðeins fyrir yngsta stig.	Skólastjórnendur.	Skólaárið 2018/2019	
<b>Árshátíð</b> Þjálfar nemendur í að koma fram, í samvinnu og skipulagningu	Tækniþáttur þurfa að vera í lagi áður en æfingar í Miklagarði hefjast.	Hvetja þarf starfsfólk til að mæta á generalprufu hjá 9. og 10. bekk.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2019	
<b>Skólahreysti</b> Að efla hreysti, liðsanda, metnað og samstöðu innan skólans	Of seint er valið í liðið.	Það þarf að velja fyrir í liðið sem á að keppa.	Íþróttakennari og skólastjóri.	Haust 2018	
<b>Skíðaferð 9. b.</b>	Skipuleggja tímanlega.	Vegna veðurs var ákveðið að hendast af stað á mánudagsmorgni og lítill tími var til að hafa sig til í fjallið, sömuleiðis í bíó og pizza var borðuð eftir bíó og búðarferð eftir morgunmat. Tæpir tveir skóladagar fóru í ferðina.	Skólastjórnendur.	Vor 2019	
<b>Mentor</b> Auka upplýsinga-streymi milli heimilis og skóla.	Skráning í Mentor verður að vera markviss.	Stundvísi og aðra ástundun þarf að skrá reglulega og vantar svolítið upp á það. Hugmyndin er góð en kerfið er flókið og ferlið mjög tímafrekt.	Skólastjórnendur og kennarar.	Vetur 2018/2019	
<b>Olweus</b>	Það vantar verkefnisstjóra og teymi.	Enginn formlegur Olweusardagur, gott væri að festa hann inn á skóladagatal og nota hópeflisleiki. Nauðsynlegt er að fara af stað aftur með markvissa Olweusarvinnu.	Skólastjórnendur.	Haust 2018	
<b>Öskudagur</b> Uppbrot, efling félagsanda og að halda í hefðir	Hóparnir voru látnir syngja á sal eftir hádegi, gekk ágætlega, síst á miðstigi. Ekki tekið nægilegt tillit til nemenda með bráðaofnæmi.	Huga að nemendum sem eru með bráðaofnæmi, fá fyrirtæki til að vera með sérvalinn og merktan poka fyrir þá nemendur. Hugmynd að bjóða fólki að koma og horfa á þegar börnin eru í íþróttahúsinu. Gestir myndu þá fylgjast með ofan af pöllum og send væri út auglýsing um það. Leggja þyrfti meiri metnað í undirbúning söngva og gefa þarf tíma í það. Spurning um að fá tónlistarkennara með í lið við undirbúning.	Skólastjórnendur og kennarar.	Vetur 2018/2019	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<b>Upplstrarkeppni</b>	Þegar um er að ræða samkennsluhóp í íslensku er erfitt að koma undirbúningi við.	Það þyrfti að setja annan kennara í ákveðinn tíma inn í verkefnið.	Skólastjórnendur.	Vetur 2018/2019	
<b>Vordagar Útivera og kynning á Unicef</b>	Góðgerðadag Unicef þarf að kynna fyrr fyrir foreldrum og nemendum.	Kynna verkefnið betur fyrir nemendum, t.d. með umræðum og myndböndum í tengslum við Unicef daginn.	Skólastjórnendur.	Vor 2019	
<b>Legó</b>	Foreldrar þurfa að fá meiri upplýsingar í byrjun vals. Fleiri kennarar þyrftu að geta komið að Legó kennslu.	Muna þarf að skipuleggja Reykjavíkurförðina með góðum fyrirvara, t.d. til að fá hagstæðara flug og gistingu. Það þarf að kynna vel fyrir foreldrum ef þeir eiga að taka þátt í kostnaði, mætti einnig koma fram á valblaði.	Skólastjórnendur og kennari.	Haustönn 2018	
<b>Líðan og heilsa</b>	Stöðugt þarf að fylgjast með líðan og heilsu nemenda.	Nemendum virðist almennt líða vel í skólanum en einelti hefur minnkað umtalsvert á milli ára. Við getum vakið foreldra til umhugsunar um þeirra ábyrgð á netnotkun barna. Hreyfingin er framúrskarandi miðað við landið og mataræði gott.	Skólastjórnendur, kennarar, skóla-hjúkrunarfræðingur og annað starfsfólk.	Skólaárið 2018/2019	
<b>Skóla og bekkjarandi</b>	Enn eru nemendur sem upplifa sig bæði einmana og eiga erfitt með að eignast vini.	Reyna að þjappa nemendahópum meira saman til dæmis með því að hafa hópeflisleiki og hvetja til bekkjarhittinga.	Skólastjórnendur, umsjónarkennarar.	Skólaárið 2018/2019	
<b>Virgni nemenda í skólanum</b>	Strákar koma ekki eins vel út eins og stelpur.	Nauðsynlegt er að skoða hvað veldur þessum niðurstöðum hjá strákunum og finna lausnir í samvinnu þá. Mikilvægt að fara í markvissa vinnu með þeim.	Skólastjórnendur, umsjónarkennarar og námsráðgjafi.	Skólaárið 2018/2019	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<b>Læsi</b>					
Að nemendur geti lesið sér til gagns í öllum námsgreinum	Of margir nemendur koma illa læsir út úr grunnskóla.	Áfram þarf að vinna markvisst að lestrarþjálfun nemenda á mið- og elsta stigi. Hvetja þarf nemendur til aukins lesturs. Aukna þjálfun þarf fyrir nemendur með skertan málþroska og huga sérstaklega að tvítyngdum nemendum. Nemendur með lestrarerfiðleika þurfa þjálfun í að nýta sér hljóðbækur m.a. í yndislestri og þurfum við að vera duglegri við að benda nemendum og foreldrum á að nýta þær.	Skólastjórnendur og kennarar.	Skólaárið 2018-2019	
Að nemendur geti nýtt sér fjölbreytt efni til læsis s.s. bækur, tölvur og myndmál	Nemendur á yngsta stigi hafa ekki nógu gott aðgengi að fartölvum. Tæknivandamál geta dregið úr notkun á tölvum.	Tölvuvagn sé til staðar á neðri hæð líkt og efri hæð. Nauðsynlegt er að starfandi sé umsjónarmaður með tölvum skólans.	Skólastjórnendur.	Skólaárið 2018-2019	
Að eiga gott samstarf við heimili um lestur barna	Sumir nemendur eru ekki látnir lesa heima.	Styðja þarf betur við þá nemendur sem ekki eru látnir lesa heima með því að láta þá lesa aukalega í skólanum. Kvitta á fyrir heimalestur nemenda alveg upp í 10. bekk en elstu nemendur geta kvittað sjálfir.	Skólastjórnendur, kennarar og heimili.	Haustönn 2018	
Að vekja nemendur til umhugsunar um umhverfið og áhrif okkar á það	Vantar útikennslu og skipulagt svæði til hennar. Margir nemendur fylgjast ekki með málefnum líðandi stundar.	Útbúa þarf útikennslusvæði í nágrenni skólans. Það þyrfti að fara í fleiri vettvangsferðir, auka þarf samvinnu við fyrirtæki í samfélaginu og vinna raunhæf verkefni sem snúa að umbótum í umhverfismálum. Einnig að virkja nemendur til að leita lausna í ýmsum málefnum samfélagsins, t.d. skipulagsmálum, félagsmálum og málum sem varða þegna samfélagsins.	Skólastjórnendur og kennarar.	Skólaárið 2018-2019	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<b>Sjálfbærni</b>					
Að auka námsráðgjöf við nemendur á öllum stigum	Námsráðgjöf mætti vera meiri á yngsta- og miðstigi.	Fjölga þarf tímum í námsráðgjöf og kenna nemendum námstækni.	Skólastjórnendur.	Skólaárið 2018-2019	
Að vekja nemendur til umhugsunar um endurnýtingu og verðmæti hluta	Við erum ekki nógu dugleg að vinna með endurnýtingu. Nemendur ganga ekki nógu vel um námsgögn.	Endurnýta þarf pappír betur, passa að prenta báðum megin og ljósrita á blöð sem má nota aftur. Vinna mætti meira með endurvinnslu og sköpun út frá henni. Vinna með verðmætamat og kostnað ýmissa hluta í umhverfinu.	Skólastjórnendur og kennarar.	Skólaárið 2018-2019	
Að nemendur komi fram af virðingu, og tillitssemi við alla í kringum sig	Samskiptavandamál af einhverju tagi eru á öllum skólastigum.	Tala þarf meira um samábyrgð nemenda þannig að þeir átti sig betur á því hvernig eigin hegðun hefur áhrif á heildina. Þar mætti m.a. vinna með þætti eins og virðingu, ábyrgð og tillitssemi.	Skólastjórnendur og kennarar.	Skólaárið 2018-2019	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<b>Jafnrétti</b>					
Að vekja nemendur til umhugsunar um jafnrétti	Nemendur eru ekki nógu meðvitaðir um jafnrétti.	Umræður um mismunandi stöðu fólks út frá mörgum þáttum, t.d. kyni, trú, fjárhag, búsetu, uppruna eða fötlun af einhverju tagi.	Skólastjórnendur og kennarar.	Skólaárið 2018-2019	
Að fræða nemendur um kynlíf og kynhneigð út frá þroska nemenda hverju sinni	Hætt er við að það vanti samfellu í fræðslu um kynlíf og kynhneigð þar sem þessi þáttur er bæði á höndum skóla og skólahjúkrunarfræðings.	Fara yfir með skólahjúkrunarfræðingi hvort það sé samfella um fræðslu um kynlíf og kynhneigð eftir þroska nemenda og hafa það markvisst inni í námskrá.	Skólastjórnendur, kennarar og skólahjúkrunarfræðingur.	Skólaárið 2018-2019	
Að fræða nemendur um tungumál allra nemenda skólans	Nemendur eru ekki nógu meðvitaðir um að sumir nemendur skólans eiga fleiri en eitt móðurmál.	Þurfum að gera tungumál nemenda af erlendum uppruna sýnilegri.	Umsjónarkennarar.	Skólaárið 2018-2019	
Að þjálfa nemendur á ólíkum aldri í að vinna saman	Yngri nemendur eru oft óöruggir gagnvart eldri nemendum þar sem þau þekkja þá ekki.	Gott væri að virkja vinabekki meira til blöndunar aldurshópa.	Skólastjórnendur og kennarar.	Skólaárið 2018-2019	



Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>					
Að nýta nemendaráð betur sem rödd nemenda	Nemendaráð er einungis að starfa í tengslum við félagsmiðstöðina.	Finna þarf verkefni fyrir nemendaráð innan skólans og auka tengsl milli skóla og æskulýðsfulltrúa.	Skólastjórnendur.	Haust 2018	
Að útbúa starfslýsingu fyrir nemendaráð	Ekki er til starfslýsing fyrir nemendaráð.	Útbúa þarf starfslýsingu fyrir nemendur í nemendaráði. Það kemur bæði til með að nýtast nemendunum sjálfum og starfsfólki skólans. Skoða skiptingu verka innan nemendaráðs (formaður o.fl.).	Skólastjórnendur.	Haust 2018	
Að nemendur eigi fulltrúa í ákveðnum nefndum innan skólans	Ekki er nógu vel farið eftir þessu.	Fara þarf yfir það í hvaða nefndum og ráðum æskilegt er að nemendur eigi fulltrúa.	Skólastjórnendur.	Haust 2018	
Að halda reglulega bekkjarfundi	Hætt er við að bekkjarfundir sitji á hakanum ef mikið er að gera. Samskipti nemenda eru ekki nógu góð.	Vinna þarf markvisst með bekkjarfundarformið svo að það skili tilætluðum árangri. Gott er að merkja bekkjarfundi inn á stundaskrá.  Vinna þarf meira að því að nemendur beri virðingu fyrir öllum í skólasamfélaginu.	Umsjónarkennarar.	Skólaárið 2018-2019	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<b>Sköpun</b>					
Að nemendur noti ímyndunarafl í tengslum við hreyfingu, tjáningu og takt	Nemendur eru óöruggir fyrir framan hvern annan.	Auka þarf vinnu með hreyfingu, tjáningu og takt inn í bekkjum og þjálfar nemendur í að koma fram.	Kennarar.	Skólaárið 2018-2019	
Að nemendur sýni frumleika í vinnslu verkefna	Nemendur velja oft auðveldu leiðina í verkefnavinnu í bóklegum fögum.	Hvetja þarf nemendur til að fara fjölbreyttari leiðir í úrvinnslu verkefna.	Kennarar.	Skólaárið 2018-2019	
Að nota leik á öllum skólastigum	Hætt er við að leikir detti út eftir því sem nemendur eldast.	Huga þarf að því að fara í leiki með nemendum í öllum námsgreinum á öllum skólastigum.	Kennarar.	Skólaárið 2018-2019	
Að þjálfar gagnrýna hugsun	Nemendur gleypa oft allt hrátt sem þeir lesa og sjá.	Þjálfar þarf gagnrýna hugsun nemenda á skipulagðan hátt með mismunandi verkefnavinnu.	Kennarar.	Skólaárið 2018-2019	
Að samþætta námsgreinar á öllum skólastigum	Við erum ekki nógu dugleg að vinna saman í tengslum við skapandi vinnu.	Það þarf að hafa meiri sveigjanleika í stundaskrá og stofna teymi um skapandi skólastarf til að það verði markvisst.	Skólastjórnendur og kennarar.	Haust 2018	
Að halda í þá skemmilegu hefð sem jólakortagerðin er	Kortin eru of einföld og ekki nógu vönduð þar sem ekki er notað karton og efni til kortagerðar er ekki nógu fjölbreytt.	Kaupa þarf jólakortaeftni og ýmislegt til að skeyta kort, t.d. munsturskæri, stimpla, munsturgatara, gull/silfurpenna og jólapappír með skemmtilegum myndum.	Skólastjórnendur.	Haust 2018	
Að þjálfar nemendur í myndvinnslu.	Margir kunna ekki á þau tæki og forrit sem eru í boði.	Kennarar þurfa sjálfir kennslu á helstu myndvinnsluforrit. Tæki til myndvinnslu þurfa að vera til staðar.	Skólastjórnendur og kennarar.	Skólaárið 2018-2019	

